

FRÁSÖGN

af fundi þingmannanefndar og ráðherra EFTA á Svalbarða 26. júní 2017.

Hefðbundinn sumarfundur þingmannanefndar og ráðherra EFTA fór fram í Longyearbyen á Svalbarða auk þess sem þingmannanefndin hélt fund með ráðgjafanefnd EFTA og eiginlegan nefndarfund. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Hanna Katrín Friðriksson formaður, Andrés Ingi Jónsson, Smári McCarthy og Vilhjálmur Bjarnason auk Stígs Stefánssonar ritara.

Málefni er varða útgöngu Bretlands úr ESB, Brexit, voru í brennidepli á öllum fundunum. Á fundi þingmannanefndar og ráðgjafanefndar EFTA fluttu sendiherrar EFTA-ríkjanna gagnvart ESB framsögur þar sem dregin var upp mynd af ferlinu fram undan og áherslumálum EFTA-ríkjanna. Þau eiga það sameiginlegt að vilja tryggja að Brexit leiði ekki til lakari viðskiptakjara við Bretland, minni samvinnu á sviði menningar- og menntamála og lakari réttinda borgara EFTA sem búsettir eru í Bretlandi og öfugt. EFTA-ríkin fylgjast grannt með gangi mála á milli Bretlands og ESB og halda öllum möguleikum opnum þar til ferlið skýrist nánar. Óvissa er enn mikil, breska ríkisstjórnin hafði ekki birt nein skjöl svo sem samningsafstöðu eða samningsleiðbeiningar frá því 50. gr. Lissabonsáttmálans um útgöngu var virkjuð 29. mars sl. Ráð ESB samþykkti aftur á móti samningsleiðbeiningar 29. apríl og samningsumboð að tillögu framkvæmdastjórnarinnar 22. maí sl. Eiginlegar samningaviðræður hófust 19. júní og ráðgert er að aðalsamningamenn hittist mánaðarlega á næstunni. ESB mun ekki ljá máls á því að ræða framtíðarfyrirkomulag sambands ESB við Bretland fyrr en viðræður um útgöngusamninginn eru komnar vel á veg en stærstu málin þar eru annars vegar réttindi borgara ESB-ríkja sem búsettir eru í Bretlandi og Breta sem búa í ESB-ríkjum og hins vegar hinn fjárhagslegi viðskilnaður. Þess er vænst að ESB meti í október hvort tímabært sé að hefja viðræður um framtíðarfyrirkomulag samskipta við Bretland. Líklegt er talið að EFTA/EES-ríkin munu ganga inn í eða geta gert sambærilegt samkomulag við það sem tekst á milli ESB og Bretlands um borgararéttindi. Um önnur svið verður að semja sérstaklega við Bretland, svo sem sjávarútvegsmál, þegar Bretar hverfa frá sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB. Óljóst er hvort takast muni að ljúka samningum um framtíðarfyrirkomulag sambands ESB og Bretlands áður en að útgöngu Bretlands kemur vorið 2018. Líklegt verður þó að teljast að einhvers konar bráðabirgðasamkomulag verði gert til að brúa bilið frá útgöngu þar til samningur um framtíðarsamskipti hefur verið gerður til að lágmarka truflun samskipta í millitíðinni. Að sama skapi ríkir óvissa um það hvort EFTA-ríkin, eða a.m.k. EES/EFTA-ríkin, geti með einhverjum hætti gengið inn í slíkt samkomulag.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var áfram fjallað um Brexit og lögð fram ítarleg skýrsla skrifstofu EFTA um viðskipti EFTA-ríkjanna og Bretlands. Farið var yfir tölfræði viðskiptanna og vægi þeirra. Öll EFTA-ríkin hafa jákvæðan vöruskiptajöfnuð við Bretland en myndin snýst við hvað varðar þjónustuviðskipti. Þar sker Ísland sig reyndar úr hinum EFTA-ríkjunum með jafnvægi í þjónustuviðskiptum sem skýrist af mjög aukinni ásókn breskra ferðamanna til Íslands. Á fundinum gerði Hanna Katrín Friðriksson stuttlega grein fyrir stjórnmalalegri og efnahagslegri þróun á Íslandi og kom inn á að Íslendingum væri mjög umhugað um áhrif Brexit. Veiking pundsins samfara styrkingu krónunnar hefði haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfni íslensks útflutnings á Bretlandsmarkaði, mikilvægasta útflutningsmarkaði Íslands. Þá hefði nýleg greining sýnt að nú væri 40% dýrara fyrir breska ferðamenn að koma til Íslands en fyrir ári síðan og hlyti það að hafa áhrif á aðsókn þarlandra ferðamanna til landsins.

Á fundi þingmanna og ráðherra EFTA var að venju fjallað annars vegar um fríverslunarmál og hins vegar um EES-samstarfið. Þá var Brexit bætt við sem sérstökum

dagskrárlið. Monica Mæland, viðskiptaráðherra Noregs, fór yfir stöðu fríverslunarviðræðna EFTA en í gildi eru nú 27 fríverslunarsamningar sem taka til 38 ríkja. Um 14% af útflutningi EFTA fara nú til ríkja sem fríverslunarsamningar ná til sem er umtalsverð hækkun miðað við tæp 10% árið 2007. Miklum krafti hefur verið veitt í að byggja upp fríverslunarnet EFTA í Asíu og eiga samtökin nú í viðræðum við Indland, Indónesíu, Malasíu og Víetnam. Þá eru fríverslunarviðræður nýhafnar við Mercosur sem er tollabandalag fjögurra Suður-Ameríkuríkja, Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrugvæ. Að auki á EFTA í viðræðum við Ekvador. Hvað aðra heimshluta snertir hafa fríverslunarviðræður legið niðri við tollabandalag Rússlands, Kasakstans og Hvíta-Rússlands frá árinu 2014 vegna átakanna í Úkraínu. Viðræður við Tæland hafa að sama skapi legið niðri frá árinu 2006 vegna stjórn málaástandsins í landinu. Þá var fjallað um uppfærslu á eldri fríverslunarsamningum en slíkar uppfærslur snúa einkum að því að samningar sem áður tóku einungis til vöruviðskipta taki einnig til þjónustuviðskipta, fjárfestinga, opinberra innkaupa og hugverkaréttinda. Slíkar viðræður standa nú yfir um uppfærslu samninga við Tyrkland frá árinu 1992 og Mexíkó frá árinu 2000. Þá hafa átt sér stað könnunarviðræður við Kanada um hvort grundvöllur sé fyrir uppfærslu á fríverslunarsamningi aðilanna frá árinu 2008. Fríverslunarsamningur ESB og Kanada frá árinu 2014 er mun víðtækari en samningur Kanada við EFTA-ríkin svo að uppfærsla er æskileg til að tryggja samkeppnisstöðu EFTA gagnvart ESB í viðskiptum við Kanada.

Í umræðu þingmanna og ráðherra EFTA um fríverslunarmál beindi Hanna Katrín Friðriksson því til ráðherranna að skoða það að fella jafnrétti og kynjasjónarmið inn í fríverslunarsamninga rétt eins og kveðið er á um mannréttindi, vinnuvernd og sjálfbæra þróun í formálsorðum nýlegri samninga EFTA. Kvað Hanna Katrín slík sjónarmið mikilvæg í efnahags- og viðskiptamálum og benti á nýlega fyrirmynd í fríverslunarsamningi Kanada og Síle þar sem sérstaklega er fjallað um jafnréttismál. Andrés Ingi Jónsson tók undir með Hönnu Katrínu og lagði áherslu á að fríverslunarsamninga mætti nota til að styrkja mannréttindi, lýðræði og réttarríkið samhliða viðskiptum. Spurði hann ráðherrana með hvaða hætti mætti tryggja að formálsorð fríverslunarsamninga í þá veru væru virt af gagnaðilum EFTA. Sagði Andrés Ingi það orka tvímælis að gera fríverslunarsamning við Filippseyjar þegar nýr forseti landsins stæði blygðunarlaust fyrir stórfelldum mannréttindabrotum. Ráðherrarnir tóku undir tillögu Hönnu Katrínar varðandi jafnréttismál og kynjasjónarmið í fríverslunarsamningum og verður hún tekin til nánari skoðunar. Þá kom fram að EFTA hefði ekki yfir neinum tækjum að ráða til að tryggja að ákvæðum samninga um mannréttindamál væri framfylgt. Ríkin beittu sér í mannréttindamálum á öðrum vettvangi, m.a. í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Þá var sem fyrr sagði fjallað um EES-mál og samskiptin við ESB á fundi þingmanna og ráðherra EFTA. Þar kom m.a. fram að svonefndur upptökuhalli, sem mælir tafir á upptöku gerða ESB í EES-samninginn, og innleiðingarhalli, sem mælir hvort gerðir sem teknar hafa verið upp í samninginn séu innleiddar í EFTA/EES-ríkjunum innan tilgreindra tímamarka, hafi verið háir undanfarin misseri. Brugðist hafi verið við því með því að bæta verkferla bæði á skrifstofu EFTA og í EFTA/EES-ríkjunum.

Loks var rætt um Brexit á fundi þingmanna og ráðherra EFTA. Í umfjölluninni kom m.a. fram að EFTA-ríkin fylgjast grannt með þróun mála og eiga náið samráð sín á milli og enn fremur við samningateymi ESB. Ljóst er að ríkin þurfa að finna nýtt fyrirkomulag á sambandi sínu við Bretland en á meðan samningaviðræður ESB og Bretlands um útgöngu og framtíðarfyrirkomuleg samskipta eru skammt á veg komnar er óljóst hvort EFTA-ríkin geti gengið inn í samning ESB og Bretlands eða hvort þau semji saman við Bretland, í minni hópum (EFTA/EES-ríkin) eða hvert um sig. Ef um verður að ræða beinar samningaviðræður EFTA eða einstakra EFTA-ríkja við Bretland þá munu þær ekki geta hafist formlega á meðan Bretland er enn aðildarríki ESB.